

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ferðamálastofu, 485. mál.

Reykjavík: 3. maí 2018

Leiðsögn - Stéttarfélag leiðsögumanna - veitir hér með umsögn um frumvarp til laga um Ferðamálastofu, 485. mál.

Leiðsögn tekur undir nauðsyn þess að endurskoðuð sé löggjöf um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðaþjónustu, þar sem hlutverk Ferðamálastofu verði skýrt og staða þess sem eftirlitsaðila með leyfisskyldri starfsemi í ferðaþjónustu verði styrkt.

Leiðsögn tekur undir með Alþýðusambandi Íslands, sbr. umsögn þess dags. 26. apríl 2018, um þau atriði sem Alþýðusambandið telur vanta í frumvarpið eða þarfnast lagfæringa. Til viðbótar við rökstuðning ASÍ og ábendingar um misjafna stöðu innlendra og erlendra ferðaþjónustu-fyrirtækja skal einnig vakin athygli á því að sama á við um starf leiðsögumanna. Auk þess sem erlendir starfsmenn óleyfisskyldra erlendra ferðasala stunda “leiðsögn” hér á landi og dvelja hér langdvölum án þess að nokkuð eftirlit sé með því hvort þeir njóti kjara í samræmi við íslenska kjarasamninga og án þess að greiða hér nokkra skatta auk þess sem algengt er að þeir séu skráðir sem “verktakar” en ekki launþegar.

Í þingmáli 468 er gert ráð fyrir nokkrum umbótum að því er varðar aðkomu Vinnumálastofnunar að málum er snúa að eftirliti með strafs kjörum erlendra starfsmanna en full ástæða er til þess að í lögum um Ferðamálastofu verði kveðið á um að sjálfstæð starfsemi leiðsögumanna verði leyfisskyld með sama hætti og önnur ferðaþjónusta og taki sú leyfisskylda einnig til erlendra aðila sem starfa sem leiðsögumenn á Íslandi með þeim hætti. Þessa breytingu má gera með því að orða 1. ml. 7. gr. þannig: *Hver sá sem hyggst starfa sem seljandi eða ferðasali dagsferða, eða sem sjálfstætt starfandi leiðsögumaður, skal hafa til þess leyfi Ferðamálastofu.*

Að lokum skal bent á ákvæði um skipan ferðamálaráðs. Ferðamálaráð er nú 10 manna ráð með 2 fulltrúum ríkisvaldsins og 2 fulltrúum sveitarfélaga en að öðru leyti skipað fulltrúum tilnefndum af þeim sem koma með einhverjum hætti að ferðaþjónustu. Nú gert ráð fyrir að í 9 manna ráði verði fulltrúar ríkisvaldsins 5, þ.e. 4 frá ráðuneytum og ferðamálastjóri sem skipaður er af ráðherra, og 2 fulltrúar sveitarfélaga en einungis 2 frá ferðaþjónustunni og þó eingöngu hluta hennar. Með hliðsjón af verkefnum ferðamálaráðs, sem eru að vísu býsna óljóst orðuð (*“Ferðamálaráð er ráðherra til ráðgjafar um langtímastefnumótun og áætlanagerð í ferðamálamum. Ferðamálaráð skal hafa yfirsýn yfir fjölpætt eðli ferðaþjónustunnar og vinna að samræmingu milli greinarinnar og stjórnvalda svo ná megi skilgreindum markmiðum langtímastefnumótunar um framtíðarþróun ferðaþjónustunnar.”*) vekur það furðu að í lögum skipi ríkisvaldið að mestu eigin starfsmenn sjálfu sér til ráðgjafar. Auk þess skal bent á að aðkoma ferðaþjónustunnar að ráðinu með aðild hagsmunasamtaka eigenda ferðaþjónustufyrirtækja einni saman en engra annarra sem starfa í greininni er alls óviðunandi og er því lagt til að einn ráðsmanna verði skipaður að tilnefningu Leiðsagnar - Stéttarfélags leiðsögumanna.

Virðingafyllst,

Indriði H. Þorláksson
Formaður Leiðsagnar